









HÆTTUR AF VÖLDUM EFNA

LESIÐ ALLTAF Á UMBÚÐIRNAR OG FYLGIÐ LEIÐBEININGUM

MERKI	HVAÐ ÞÝÐIR MERKIÐ?	DÆMI UM VARÚÐARRÁÐSTAFANIR	DÆMI UM VÖRUR
	SPRENGIFIMT Sprengiefni og efni sem geta sprungið við högg, upphitun eða önnur utanaðkomandi áhrif.	<ul style="list-style-type: none"> » Haldið fjarri íkveikjuhættum, hita og loga. » Haldið fjarlægð og notið hlífðarbúnað. 	Flugeldar, svart púður, dýnamít og skotfæri.
	ELDFIMT Efni sem eru eldfim og geta brunnið við íkviknun eða þegar þau hitna.	<ul style="list-style-type: none"> » Haldið fjarri íkveikjuhættum, hita og loga. » Haldið íláti vel lokuðu. » Forðist snertingu við augu. 	Eldsneyti, lím, etanól, úðabrusar og flöskur með fljótandi gasi, lakk, naglalakkseyðir, sótthreinsivökvar.
	ELDNÆRANDI/OXANDI Efni geta valdið eða stuðlað að bruna eða sprengingu. Eldur getur komið upp án íkveikju.	<ul style="list-style-type: none"> » Haldið fjarri íkveikjuhættum, hita og loga. » Klæðist hlífðarbúnaði. » Skolið með vatni eftir snertingu við húð. 	Klór, bleikiefni, peroxíð, ammoníumnítrat og súrefnisgas.
	GAS UNDIR ÞRÝSTINGI Gas í ílátum undir þrýstingi (2 bör eða meira), eða gas sem er fljótandi við mjög lágt hitastig. Hylkið getur sprungið við hitun.	<ul style="list-style-type: none"> » Haldið frá sólarljósi og hita. » Getur valdið kali, notið hlífðarbúnað. 	Gashylki.
	ÆTANDI Efni sem eru ætandi fyrir húð og valda alvarlegum augnskaða. Á einnig við um efni sem tæra málma.	<ul style="list-style-type: none"> » Haldið í upprunalegu íláti. » Forðist inntöku og innöndun. » Klæðist hlífðarbúnaði. 	Stíflueyðar, grillhreinsar salernishreinsir, sýrur, basar, ediksýra, saltsýra, og ammoníak.
	BRÁÐ EITURHRIF Efni sem eru svo eitruð að þau geta valdið skaða eða verið banvæn við inntöku, innöndun eða eftir snertingu við húð.	<ul style="list-style-type: none"> » Klæðist hlífðarbúnaði. » Forðist inntöku, innöndun og snertingu við húð og augu. » Geymið á læstum stað. 	Varnarefni, metanól og níkótínafylling fyrir rafrettur.
	ALVARLEGUR HEILSUSKAÐI Efni sem geta valdið langvarandi áhrifum og heilsuskaða, skaðað frjósemi eða ófætt barn, verið krabbameinsvaldandi, valdið ofnæmi eða astmaeinkennum og skaðað líffæri.	<ul style="list-style-type: none"> » Meðhöndlið varlega. » Forðist inntöku og innöndun. » Forðist snertingu við húð og augu. » Geymið á læstum stað. 	Terpentína, bensín, málningarþynnir, epoxý og lampaolía.
	HEILSUSKAÐI/ SKAÐAR ÓSONLAGIÐ Efni sem geta ert húð og augu, valdið ofnæmisviðbrögðum í húð, ert öndunarveg, valdið syfju eða svima. Getur verið skaðlegt við inntöku, snertingu við húð og innöndun. Getur skaðað umhverfið.	<ul style="list-style-type: none"> » Notið hlífðarbúnað. » Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. » Forðumst losun út í umhverfið. 	Þvottaefni, salernishreinsir, frostlögur, einangrunarfrauð, leysir, lím, sílíkon og lakk.
	SKAÐLEGT UMHVERFINU Efni sem eru hættuleg umhverfinu og/eða eitruð vatnalífi.	<ul style="list-style-type: none"> » Forðumst losun út í umhverfið, ekki losa í niðurföll. » Safnið saman efnum sem hellast niður. 	Varnarefni, bensín málning, terpentína, þungmálmasölt, lakk og sum lím.